

Svör og viðbrögð Dalabyggðar við umsögnum og athugasemdum um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna vindorkuvers í landi Sólheima.

Umsagnir



Nr.		Umsögn	Viðbrögð sveitarfélagsins
1	Landsnet, dags 21.01.2021	a) Fyrirhugað iðnaðarsvæði liggur að hluta til undir Glerárskógarlínu 1 og er sýnd á uppdrætti en engin umfjöllun er um hana eða helgunarsvæði hennar í greinargerð.	a) Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á fyrirliggjandi stofnkerfi rafveitu. Ef verður af vindorkugarði á bæði Hróðnýjarstöðum og Sólheimum kallar það á öflugra flutningskerfi. Aðalskipulagið markar stefnu sveitarfélagsins en ekki eru settar fram nákvæmar útfærslur um einstaka þætti. Í deiliskipulagi verður afmarkað helgunarsvæði línunnar og fjallað verður um hana í greinargerð.
		b) Í umhverfismati áætlunarinnar eru metin áhrif uppbyggingar vindorkuvers á aðra landnotkun en aðeins er litið til landbúnaðar. Æskilegt er að einnig verði metin áhrif áætlunarinnar á háspennulínuna og helgunarsvæði í ljósi þess að framkvæmdin gæti haft áhrif á raforkuflutning og rekstur lína á svæðinu.	b) Umfjöllun um áhrif á háspennulínur og helgunarsvæði þeirra verður á deiliskipulagsstigi. Vísað er til framkvæmdaraðila varðandi samráð við Landsnet.
		c) Áhersla er lögð á að greining á mögulegum tengingum við flutningskerfið, og útfærslum þar á, fari fram í samráði við fyrirtækið.	c) Á deiliskipulagsstigi verður haft samráð við Landsnet um mögulegar tengingar og flutning raforkunnar. Vísað er til framkvæmdaraðila varðandi samráð við Landsnet.
		d) Kanna þarf hvort hugsanlegar jarðstrengslagnir frá vindorkuverinu að tengipunkti við flutningskerfið hafi áhrif á afhendingargæði raforku.	d) Vísað er til framkvæmdaraðila varðandi samráð við Landsnet en að öllu jöfnu er ekki fjallað um málefnið á aðalskipulagsstigi.
		e) Óskað verður eftir niðurstöðum kerfisgreininga á áhrifum fyrirhugaðs vindorkuvers á rekstur flutningskerfisins og einnig óskað eftir frekari gögnum og greiningum frá framkvæmdaraðila.	e) Vísað er til framkvæmdaraðila varðandi samráð við Landsnet en að öllu jöfnu er ekki fjallað um málefnið á aðalskipulagsstigi.
2	Veðurstofan, dags. 14.01.2021	a) Kafli um veðurfar snýr eingöngu að vindi en ekkert fjallað um vindhraða, hvassviðrisáttir, hitafar og úrkomu.	a) Aðalskipulagið markar stefnu sveitarfélagsins en ekki eru settar fram nákvæmar útfærslur um einstaka þætti s.s. veðurfar. Nánar er fjallað um málefnið í frummatsskýrslu og eftir atvikum í deiliskipulagi.
		b) Í töflu 2 og 3 væri rétt, undir liðnum „Heilsa og öryggi“ að taka með ljósflökt og hættu á því.	b) Verður tekið til frekari skoðunar í umhverfisskýrslu á deiliskipulagsstigi.
3	Minjastofnun, dags. 30.11.2020	a) Engin fornleifaskráning fór fram við aðalskipulagsgerð Dalabyggðar. Fornleifaskráningu skal þar af leiðandi vera lokið fyrir deiliskipulagsgerð.	a) Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða á þessu stigi málsins.
4	Landgræðslan, dags. 18.01.2021	a) Landgræðslan bendir á að við framkvæmdir verði leitast við að lágmarka rask á jarðvegi og gróðri. Einnig að gróðurforfur sem til falla verði lagðar til hliðar og þær nýttar til frágangs eftir rask. Jafnframt að leitast verði við að valda sem minnstu raski á votlendi. Þá hvetur Landgræðslan hvetur framkvæmdaðila til þess að græða upp land til mótvægis við það land sem fer undir mannvirki og helst bæta um betur.	a) Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða á þessu stigi málsins.
5	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ódagsett.	a) Bent er á að afla þarf leyfis ráðherra til að taka land úr landbúnaðarnotkun.	a) Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða. Sveitarfélagið vekur athygli á að landið mun áfram nýtast til beitar, líkt og í dag, en verður um leyfi ráðherra til að breyta landnotkunarflokki.

6	Samgöngustofa, dags. 19.01.2021	a) Ekki eru gerðar athugasemdir en bent á lög og reglugerðir varðandi öryggi, m.a. er eftirfarandi komið á framfæri: Ákvörðun Samgöngustofu um merkingu og lýsingu hindrana tók gildi 15.09.2019. Gæta skal fyllstu varúðar og uppfylla lög um hindranir flugumferðar.	a) Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða. Tekið er undir að allra öryggisráðstafana skuli gætt við framkvæmd og rekstur.
7	Umhverfisstofnun, dags. 15.01.2021	a) Staðarval fyrir umrædda starfsemi í tillögunni skal einnig ráðast af því að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og búsvæðum fugla og tekið sé tillit til verndargildi þessara þátta.	a) Tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúruferi í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Sveitarfélagið mun fylgja því eftir á deiliskipulagsstigi að röskun votlendis verði haldið í lágmarki. Verði röskun gæti sveitarfélagið hugað að mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila.
		b) Bent er á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni áætlað efnistökmagn við framkvæmdir og hvort fyrirhugað sé að nýta þær námur sem fyrir eru eða opna nýjar námur.	b) Á þessu stigi er ekki unnt að áætla efnismagn. Ekki er gert ráð fyrir nýjum námum umfram þær sem fyrir eru í skipulagi en stefnt að því að nýta sem mest efni sem til fellur, m.a. vegna uppúrtektar fyrir undirstöður.
		c) Við gerð aðalskipulags skal gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða.	c) Skrá um vegi í náttúru Íslands verður unnin í tengslum við heildarendurskoðun aðalskipulags, í samræmi við reglugerð nr. 260/2018. Ekki er krafa um að þær leiðir séu sýndar á uppdrætti aðalskipulags.
		d) Bent er á að himbrimi er ábyrgðartegund Íslands. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á búsvæði álfar og himbrima.	d) Gerð verður grein fyrir rannsóknnum í frummatsskýrslu og eftir atvikum í deiliskipulagi.
		e) Sýnt skal fram á að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi en stofnunin telur að tillagan geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.	e) Ekki er gert ráð fyrir verulegri röskun votlendis en gerð verður grein fyrir þeim þáttum í frummatsskýrslu og eftir atvikum í deiliskipulagi.
		f) Vindmyllur geta verið ráðandi þáttur í landslagi vegna stærðar og hreyfingar spaða. Gera þarf gleggri grein fyrir stærð og umfangi sbr. Hallgrímskirkjuturn.	f) Fram kemur í greinargerð áætluð hæð vindmylla og uppsett afl á framkvæmdarsvæðinu. Gerð verður grein fyrir sjónrænum áhrifum í frummatsskýrslu og eftir atvikum í deiliskipulagi. Áhrif af framkvæmdum eru alltaf matskennd.
		g) Huga þarf sérstaklega að því hvort landnýting á áhrifasvæði vindmylla er viðkvæm fyrir því hljóði sem berast mun frá starfsemi. Þá getur sérstaklega þurft að huga að lágtíðnihljóðum.	g) Gerð verður grein fyrir rannsóknnum í frummatsskýrslu og eftir atvikum í deiliskipulagi.
		h) Bent er á mikilvægi þess að það komi fram hver áhrif tillögunnar eru á óbyggð víðerni sbr. ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013.	h) Óbyggð víðerni hafa ekki verið afmörkuð landfræðilega en skv. skilgreiningu náttúruverndarlaga má ætla að núverandi staðsetning sé ekki innan víðerna en vindmyllur kunna að vera innan skilgreindra 5 km marka frá víðerni. Í gildandi aðalskipulagi eru ekki skilgreind óbyggð víðerni.
		i) Bent er á mikilvægi þess að fjallað sé um líftíma orkuversins í tillögunni. Ef gert er ráð fyrir niðurrifi orkuversins bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað verði um hvernig niðurrifi verði háttað og umhverfisáhrifum þess.	i) Gert er ráð fyrir að líftími vindmyllanna verði a.m.k. 25 ár. Eftir það verða vindmyllurnar annað hvort endurnýjaðar eða teknar úr notkun. Hvort sem verður er reiknað með að það verk taki styttri tíma en uppbyggingarferlið. Vindmyllurnar verða teknar í sundur, undirstöður fjarlægðar og gengið frá svæðinu.
		j) Fjalla skal um meðhöndlun úrgangs.	j) Gerð verður grein fyrir fráveitu og mögulegri mengandi starfsemi á deiliskipulagsstigi.
8	Orkustofnun, dags. 28.01.2021	a) Fyrirhuguð framkvæmd hefur verið tilkynd til 4. áfanga rammaáætlunar og í þeim gögnum sem fylgdu umsókn þeirri er fjallað um að settar verði upp 29 vindmyllur og áætlað afl 162,4 MW (en allt að 203 MW). Bent er á að samræma þarf upplýsingar í umsókn til rammaáætlunar og breytingar á aðalskipulagi.	a) Endanleg útfærsla verður í deiliskipulagi og eftir atvikum verður tilkynning til rammaáætlunar uppfærð eftir því sem framkvæmdaraðili telur tilefni til. Aðalskipulag gerir ráð fyrir mögulegri hámarksframeiðslu.

9	Vegagerðin, dags. 11.12.2020	a) Ekki er gerð athugasemd við breytingu á aðalskipulagi en gerð er athugasemd við um að ekki sé fjallað um flutning á íhlutum.	a) Almennt er gert ráð fyrir góðu ástandi þjóðvegakerfis. Íhlutir verða fluttir að næstu hentugu höfn þaðan sem þeir verða fluttir eftir hentugustu leið á áfangastað. Reikað er með að flutningar verði að sumarlagi. Tekið er undir að þörf sé á sérstökum aðgerðum varðandi vegabætur að framkvæmdasvæðum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdaraðili verði í samráði við Vegagerðina varðandi flutning.
10	Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar	a) Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar þar sem hún samræmist stefnu svæðisskipulags um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a. á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi.	a) Umsögn gefur ekki tilefni til viðbragða.

Athugasemdir

Nr.		Athugasemd	Viðbrögð sveitarfélagsins
1	Landvernd, dags. 21.01.2021.	a) Ekki er séð að áform um tvö vindorkuver (Hróðnýjarstaðir og Sólheimar) haldist í hendur við framtíðarmöguleika eða tækifæri Dalabyggðar.	a) Dalabyggð býr yfir mörgum framtíðarmöguleikum og er nýting vindorku til raforkuframléiðslu einn þeirra. Rannsóknir hafa sýnt að í Dalabyggð eru hentug svæði til að reisa vindorkuver og mun sveitarstjórn skoða alla möguleika á að efla byggð og nýta þær auðlindir sem eru til staðar, sveitarfélaginu til heilla.
		b) Áhrifa vegna þessara gríðarmiklu áforma mun gæta með margvíslegum og ófyrirséðum hætti. Að hve miklu leyti hefur sveitarfélagið yfirsýn og eða haft tök á að meta samanlögð heildaráhrif?	b) Sveitarfélagið hefur ráðgjafa í þessum umfangsmiklu verkefnum. Samlegðaráhrif eru metin sbr. töflu 4 í greinargerð, - ekki er tryggt að allar hugmyndir sem koma fram í aðalskipulagi komi til framkvæmda.
		c) Eins og staðan er í dag þá eru mjög litlar líkur á aukinni orkuþörf á Íslandi á komandi árum. Hver er það sem á að kaupa þá orku sem vindorkuverin framleiða?	c) Sveitarfélagið leggur ekki mat á markaðsmöguleika afurða iðnaðarframléiðslu fremur en aðra framleiðslugreinar s.s. landbúnaðarafurða, en metur það svo að almennt ekki sé lagt af stað í stór og dýr verkefni nema að sjá fyrir að geta selt afurðina. Orkustofnun fer með langtímaspá varðandi orkuþörf og mun fá skipulagstillögur til umsagnar.
		d) Bent er á að bíða með framkvæmdirnar þar til fjallað hefur verið um þær í rammaáætlun. Ótímabært er að hefja undirbúning með skipulagsbreytingum. Ekki er raforkuskortur í landinu og því ekki aðkallandi að framleiða meiri raforku. Ef ekki verður farið að lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun við undir-búning að vindorkuverum áskilja samtökin sér eftir atvikum rétt til að leita til dómstóla um lögmæti þess.	d) Ekki er útséð með hvenær 4. áfangi rammaáætlunar klárast og því ákveðið að hefja þann undirbúning sem vindorkuverið krefst, sem tekur drjúgan tíma. Ákvörðunartaka um aðalskipulagsbreytingu stendur ekki og fellur með því hvort einstök framkvæmd eigi heima í rammaáætlun eður ei. Forsendur ákvarðanatöku miðast við skipulagsvald sveitarfélaga. Farið verður að lögum við undirbúning vindorkuversins.
		e) Framkvæmdaraðilar hafa komið inn á að líftími vindorkuvera er á bilinu frá 20-25 ár eftir því hvaða búnaður er nýttur. Nauðsynlegt er að ítarlegri rannsóknir fara fram á þoli vindorkuvera miðað við íslenskar aðstæður. Mjög skortir á að gerð sé grein fyrir hvernig staðið verði að niðurrifi og förgun. Erfitt er að greina í stefnu fyrirtækjanna hvort stefnt sé að endurnýjun á búnaði eftir að líftíma er lokið. Áleitnar spurningar vakna um ávinning af rekstri þar sem þarf að greiða upp jafn stóra framkvæmd á svo skömmum líftíma orkumannvirkjanna.	e) Gert er ráð fyrir að líftími vindmyllanna verði a.m.k. 25 ár. Eftir það verða vindmyllurnar annað hvort endurnýjaðar eða teknar úr notkun. Hvort sem verður er reiknað með að það verk taki styttri tíma en uppbyggingarferlið. Vindmyllurnar verða teknar í sundur, undirstöður fjarlægðar og gengið frá svæðinu ef vindmyllurnar verða ekki endurnýjaðar. Sveitarfélagið leggur auk þess ekki mat á arðsemi atvinnutækifæra í sveitarfélaginu.

<p>f) Áhrif á samfélag þarfnast endurskoðunar þar sem ekki er fjallað um langtímaáhrif á störf á svæðinu eða þann djúpstæða ágreining í samfélaginu gagnvart framkvæmdunum. Neikvæð upplifun íbúa er ekki metin með sama hætti og aðrir þættir. Þ.e. að verkefni sem mögulega kann að hafa mjög tímabundin jákvæð áhrif á mjög afmarkaða þætti við verslun og þjónustu á svæðinu virðast teknir fram yfir mjög neikvæð langtímaáhrif á umhverfi og samfélag.</p>	<p>f) Erfitt er að meta upplifun íbúa og ekki hægt að setja það í einn flokk, upplifun er ávallt misjöfn. Í könnun sem gerð var á viðhorfi íbúa sveitarfélagsins til vindorkuvera sem gerð var í des/jan sl. var svarhlutfall 75%. Niðurstaða könnunarinnar er að um 30% eru fremur andvíg eða mjög andvíg vindorkuverum í sveitarfélaginu en rúm 50% eru hlynnt eða mjög hlynnt uppbyggingu vindorkuvera í Dalabyggð.</p>
<p>g) Nokkuð virðist vanta upp á varðandi samráð við íbúa af hálfu sveitarfélagsins vegna skipulagsgerðar fyrir svo stór verkefni. Hætt er við að framkvæmdaraðilar nýti sér fámenni lítilla sveitarfélaga og litla yfirbyggingu sveitastjórna sér til framdráttar. Hvorki er að finna í aðalskipulagi sveitarfélagsins né í svæðisskipulagi, um stefnu og uppbyggingu stórtækra vindorkuvera á viðkomandi svæðum. Þegar um svona stóra efnislega stefnubreytingu í skipulagi er að ræða þá sé það beinlínis skylda sveitarstjórnar að taka slíkar stefnubreytingar til viðtækrar umræðu í sveitarfélaginu samhliða heildarendurskoðun á aðalskipulagi.</p>	<p>g) Sveitarfélagið lítur ekki þannig á að vindorkugarðar krefjist heildarendurskoðunar aðalskipulags þar sem í aðalskipulagsbreyting krefst sama ferlis og nýtt aðalskipulag sbr. 36. gr. skipulagslaga. Samráð hefur verið í tengslum við þessar hugmyndir; fundir með íbúum og einstökum hagsmunaaðilum. Haldnir hafa verið kynninga- og íbúafundir, m.a. áður en skipulagsvinna í tengslum við verkefni fór af stað.</p>
<p>h) Ljóst er að fuglalíf í nálægð við vindorkuver eiga mjög undir högg að sækja og hvað þá inni á takmörkuðum og mjög viðkvæmum búsvæðum og farleiðum íslenska hafarnarstofnsins. Áformin eru mikil ógn við hafarnarstofninn og hefur einnig áhrif á fjölda annarra fuglategunda sbr. himbrima og margar aðrar tegundir. Í skýrslum Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að farleiðir hafarna eru í árekstrarhæð á framkvæmdasvæði. Framkvæmdaraðili hefur ekki notað viðurkennda aðferðarfræði við rannsóknir á umferð og farleiðum fugla.</p>	<p>h) Tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúrufari í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands muni veita umsögn um umhverfismat framkvæmdanna.</p>
<p>i) Ásýnd frá Sólheimum hefur áhrif á Húnaþing vestra. Ásýndaráhrif eru mikil vegna hæðar vindorkumannvirkja í landslagi og vegna sýnileika frá byggð. Alvarlegar og endurteknar athugasemdir frá landeigendum öðrum en á Hróðnýjarstöðum hafa verið lagðar fram og ætti sveitarfélagið að endurskoða áætlun um framhald skipulagstillagnanna.</p>	<p>i) Áhrif á ásýnd eru metin neikvæð. Skoðanir eru skiptar innan sveitarfélags (sbr. niðurstöðu skoðanakönnunar) en ekki er tekið undir að athugasemdir hafi borist frá öllum öðrum landeigendum en Hróðnýjarstaða.</p>
<p>j) Hljóðmengun er þekkt vandamál við vindorkuver. Villandi upplýsingar eru settar fram. Fráleitt er að halda því fram að hljóð berist ekki lengra en 4-500 m enda sagt að komast megi hjá ónæði með því að staðsetja vindmyllurnar í 2 km fjarlægð frá híbýlum fólks. Uppi á heiðum er fólk að sækja í kyrrð og ró.</p>	<p>j) Í frummatsskýrslu verður fjallað um hljóðmengun en hér er notast við almenna þekktu staðla en ljóst er að veður og aðrar umhverfisaðstæður hafa áhrif á hversu langt hljóð berst.</p>
<p>k) Það ætti í öllu falli út frá skilgreiningu óbyggðra víðerna að hafna vindorkuverum á Íslandi. Umhverfisstofnun hefur ekki gefið út nýja afmörkun í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</p>	<p>k) Óbyggð víðerni eru ekki friðlýst, en fram kemur í náttúruverndarlögum að standa skuli vörð um þau. Í gildandi aðalskipulagi eru ekki skilgreind óbyggð víðerni.</p>

		<p>l) Áformuð framkvæmdasvæði hafa fjölmörg og fjölbreytt votlendissvæði að bera með fjölbreyttum vistgerðum s.s. hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar. Jafnframt er að finna innan framkvæmdasvæðis vistgerðir með mjög hátt verndargildi sem þarfnist sérstakrar verndar samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Óheimilt er að raska þessum votlendum nema brýna nauðsyn beri til. Vindorkuver þar sem ekki er orkuskortur er ekki brýn nauðsyn. Þó sýnt sé fram á að stefnan sé að setja niður einstaka vindorkuturna utan eða í jaðri votlendis þá þyrfti einnig að meta möguleg áhrif þess að djúpur uppmokstur inn á votlendissvæðum fyrir undirstöðum vindorkuvera leiði ekki til þess að vatn muni renna frá votlendi í grennd í djúpa grunna vindorkuvera og kunni að þurrka upp nærliggjandi votlendi.</p>	<p>l) Sveitarfélagið leggur áherslu á að við framkvæmdir verður forðast að raska votlendi eins og kostur er, hvort sem það verður með beinum eða óbeinum hætti. Gerð verður grein fyrir staðsetningu vindmylla í deiliskipulagi, m.a. með það að leiðarljósi að hlífa deiglendi sem mest.</p>
		<p>m) Sveitastjórn Dalabyggðar verður að gera kröfu á framkvæmdaaðila að þeir geri strax grein fyrir því hvar þeir fyrirhuga að taka efni. Í ljósi gríðarlegrar fjarlægðar og fyrirbyggjandi fjölda ferða vegna steypuflutninga og annarra vöruflutninga ætti því að gera skilyrðislausu kröfu á að viðkomandi sýni fram á hvernig flutningar allir og framkvæmd verði kolefnisjöfnuð.</p>	<p>m) Ekki er talið að efnisflutningar jarðefnis verði umfangsmiklir, m.a. er mögulegt að nota það efni af svæðinu sem til fellur vegna uppúrtektar í vegi og undirstöður. Til viðbótar verður notast við efnisnámur í samræmi við gildandi aðalskipulag. Ekki er fyrirhugað að skilgreina nýjar námur.</p>
2	Bjarni V. Guðmundsson	<p>a) Vindmyllur eru ekki umhverfisvænar því það þarf talsvert sótspor við að búa þær til og flytja. Undirstöður vindmylla og vegir fela í sér náttúruspjöll.</p> <p>b) Vindmyllur hafa talsverð áhrif á fuglalíf.</p>	<p>a) Framkvæmdir hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Framleiðsla með vindorku, telst almennt vera umhverfisvæn framleiðsla rafmagns.</p> <p>b) Tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúrufari í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands muni veita umsögn um umhverfismat framkvæmdanna.</p>
		<p>c) Ósnortin náttúra er gífurlega verðmæt fyrir ferðaþjónustu og sálarlíf fólks.</p>	<p>c) Tekið er undir að lítt snortin náttúra sé verðmæt en bent á að umhverfisvæn orkuöflun er einnig verðmæt, sérstaklega sé borið saman við ýmsa aðra þætti orkuöflunar til iðnaðar.</p>
3	Landeigendur Hamra, (Helgi I. Jónsson) Dags. 19.01.2021	<p>a) Dalabyggð getur ekki talist hlutlaus aðili í skilningi EES-réttar við mat á umhverfisáhrifum.</p> <p>b) Sveitarfélagið hefur verulega fjárhagslega hagsmuna að gæta af fyrirhugaðri starfsemi.</p>	<p>a) Sveitarfélagið er ekki hlutlaus aðili en ber ávallt að hafa hagsmuni íbúa að leiðarljósi.</p> <p>b) Ef vel spilast úr verkefninu kann það að leiða til tekjuaukningar fyrir sveitarsjóð og þar með íbúa sveitarfélagsins.</p>

	<p>c) Ítrekun á bréfum 24. og 27 mars. 2020. Þar kemur m.a. fram að: - Ekki fæst séð að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi eða búsvæði fugla. --Ekki verður séð að þörf sé á þessari orku. - Hljóðmengun verður frá myllunum. - Unnið er að móta langtímastefnu og því ótímabært að fara í umfangsmiklar framkvæmdir.</p>	<p>c) Eftir atvikum hefur verið brugðist við athugasemdum sem bárust á fyrri stigum en sjá einnig viðbrögð við 1h þar sem tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúrufari í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun og Náttúrufraeðistofnun Íslands muni veita umsógn um umhverfismat framkvæmdanna. Þá leggur sveitarfélagið ekki mat á markaðsmöguleika afurða iðnaðarframleiðslu fremur en aðra framleiðslugreinar s.s. landbúnaðarafurða, en metur það svo að almennt ekki sé lagt af stað í stór og dýr verkefni nema að sjá fyrir að geta selt afurðina. Orkustofnun fer með langtímaspá varðandi orkuþörf og mun fá skipulagstillögur til umsagnar. Í frummatsskýrslu verður fjallað um hljóðmengun en hér er notast við almenna þekktu staðla en ljóst er að veður og aðrar umhverfisaðstæður hafa áhrif á hversu langt hljóð berst. Ekki er útséð með hvenær 4. áfangi rammaáætlunar klárast og því ákveðið að hefja þann undirbúning sem vindorkuverið krefst, sem tekur drjúgan tíma. Ákvörðunartaka um aðalskipulagsbreytingu stendur ekki og fellur með því hvort einstök framkvæmd eigi heima í rammaáætlun eður ei. Forsendur ákvarðanatöku miðast við skipulagsvald sveitarfélaga. Farið verður að lögum við undirbúning vindorkuversins.</p>
<p>4 Landeigendur Ljárskóga, Glerárskóga, Vígholtsstöðum og Ljarkoti, dags. 19.01.2021</p>	<p>a) Framkvæmdin mun raska votlendi með tilheyrandi losun koltvísýrings. Raskið mun einnig hafa áhrif á vatnsbúskap t.d. Laxárvatns og þar með laxveiðiárinna Laxár. b) Gríðarlega mikil neikvæð áhrif áhrif verða á hafarni og annað fuglalíf. c) Ekki er minnst á rammaáætlun. Með því að minnst ekki á rammaáætlun má ætla að Dalabyggð taki afstöðu með þeim sem telja að vindorkuver eigi ekki heima í rammaáætlun. d) Fullyrðingar um að forsendur fyrir breytingunni sé að svæðið henti vel og uppfylli allar helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða er röng. e) Ferðabjónusta í héraðinu mun bíða hnekki og fjöldi fólks verða fyrir fjárhagstjóni. Í Dalabyggð er all nokkur frístundabyggð og margar af bestu laxveiðiám landsins eru í héraðinu, þar á meðal Laxá og Fáskrúð sem báðar verða fyrir beinum áhrifum af virkjununum. Fyrirhugaðar framkvæmdir stefna ofangreindu í stórhættu með tilheyrandi fjárhagstjóni fyrir landeigendur.</p>	<p>a) Sveitarfélagið leggur áherslu á að við framkvæmdir verður forðast að raska votlendi eins og kostur er, hvort sem það verður með beinum eða óbeinum hætti. Gerð verður grein fyrir staðsetningu vindmylla í deiliskipulagi, m.a. með það að leiðarljósi að hlífa deiglendi sem mest. Sveitarfélagið mun fylgja því eftir á deiliskipulagsstigi að röskun votlendis verði haldið í lágmarki. Verði röskun gæti sveitarfélagið hugað að mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmd hafi áhrif á heildarvatnsbúskap svæðisins. b) Tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúrufari í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun og Náttúrufraeðistofnun Íslands muni veita umsógn um umhverfismat framkvæmdanna. c) Ekki er útséð með hvenær 4. áfangi rammaáætlunar klárast og því ákveðið að hefja þann undirbúning sem vindorkuverið krefst, sem tekur drjúgan tíma. Ákvörðunartaka um aðalskipulagsbreytingu stendur ekki og fellur með því hvort einstök framkvæmd eigi heima í rammaáætlun eður ei. Forsendur ákvarðanatöku miðast við skipulagsvald sveitarfélaga. Farið verður að lögum við undirbúning vindorkuversins. d) Hér er ekki vísað til neinna tiltekinna atriða. Sveitarfélagið svarar athugasemdum ýmissa aðila sem vonandi varpar ljósi á hentugleika og annmarka svæðisins. e) Ekki er talið að fyrirhuguð framkvæmd hafi veruleg áhrif á ferðabjónustu í Dalabyggð.</p>

	<p>f) Engin þörf er á vindorkuframleiðslu í landinu þar sem hér er nú þegar framleidd talsverð umfram orka með öðrum umhverfisvænum hætti. Einkafyrirtækin sem nú ráðgera að reisa vind-orku-virkjanir víða um land, geta ekki gert það nema með svokölluðum take-or-pay samningi, sem þýðir að þá kaupir ríkið (Landsvirkjun) alla orku sem vindmyllurnar framleiða. Á meðan standa aðrar virkjanir sem þjóðin hefur þegar fjárfest í kyrrar og nýtast engum. Þörf er á miklum og kostnaðarsömum breytingum hjá Landsneti sem er ekki með búnað til að höndla orkugjafa eins og vindorku sem kemur inn og fer út mörgum sinnum á dag. Fjárfesting í nýrri teg-und orkuvera sem þessum lendir því á herðum skattborgara á endanum</p>	<p>f) Sjá svar 1 c. Það er ekki í verkahring sveitarfélagsins Dalabyggðar að veða og meta forsendur viðskipta- og orkuþarfar á landinu öllu frekar en fyrir aðrar afurðir á markaði.</p>	
	<p>g) Ekki er minnst á mögulegar breytingar á vatnabúskap Laxár vegna framræsingar votlendis.</p>	<p>g) Sveitarfélagið leggur áherslu á að við framkvæmdir verður forðast að raska votlendi eins og kostur er, hvort sem það verður með beinum eða óbeinum hætti. Gerð verður grein fyrir staðsetningu vindmylla í deiliskipulagi, m.a. með það að leiðarljósi að hlífa deiglendi sem mest. Sveitarfélagið mun fylgja því eftir á deiliskipulagsstigi að röskun votlendis verði haldið í lágmarki. Verði röskun gæti sveitarfélagið hugað að mótvægisáðgerðum. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmd hafi áhrif á heildarvatnsbúskap svæðisins</p>	
	<p>h) Breytingin stríðir gegn landsskipulagsstefnu.</p>	<p>h) Í kafla 2.1 er fjallað um hvernig aðalskipulagsbreytingin samræmist Landsskipulagsstefnu en ávallt verða einhver áhrif af stórra framkvæmd sem þessari á umhverfi og samfélag bæði jákvæð og neikvæð.</p>	
	<p>i) Breytingin er ekki í samræmi við svæðisskipulagsstefnu.</p>	<p>i) Í kafla 2.1 er fjallað um hvernig aðalskipulagsbreytingin samræmist svæðisskipulagsstefnu en ávallt verða bæði jákvæð og neikvæð áhrif af framkvæmd sem þessari. Á fundi svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar þann 23. mars 2021 var bókað að nefndin gerði ekki athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar þar sem hún samræmist stefnu svæðisskipulags um eflingu atvinnulífs sem byggir m.a á nýtingu auðlinda og auknu raforkuöryggi. Sjá umsógn 10.</p>	
	<p>j) Sagt er að framkvæmdin styrki byggð og að mögulega verði hægt að nota orkuna í heimabyggð sem efli atvinnulíf enn frekar. Með þessu er verið að gefa í skyn að atvinnulíf í Dalabyggð geti ekki vaxið í dag vegna orkuskorts. Við gerum athugasemd við þetta þar sem ekkert bendir til að orkuskortur standi atvinnulífi Dalabyggðar fyrir þrífum í dag.</p>	<p>j) Fyrirtæki sem þurfa mikla orku staðsetja sig ekki á svæðum þar sem orka er takmörkuð eða ótrygg. Aðdráttaraflið er orkan og kemur eðlilega á undan atvinnutækifærunum.</p>	
	<p>k) Athugasemd er gerð við að einungis jákvæð áhrif á samfélag séu skráð undir samfélag í kafla 4.2. Jákvæðu punktarinn eru órökstuddir.</p>	<p>k) Í könnun sem gerð var á viðhorfi íbúa sveitarfélagsins til vindorkuvera sem gerð var í des/jan sl. var svarhlutfall 75%. Niðurstaða könnunarinnar er að um 30% eru fremur andvíg eða mjög andvíg vindorkuverum í sveitarfélaginu en rúm 50% eru hlynnt eða mjög hlynnt uppbyggingu vindorkuvera í Dalabyggð.</p>	
5	<p>Valdís Einarsdóttir, dags. 20.01.2021</p>	<p>a) Skortur er á heimildarskráningu og því ekki hægt að sannreyna hvort rétt sé með staðreyndir farið.</p> <p>b) Eingöngu er notast við vistgerðarkort Ní við mat á vistgerðum. Ekki kemur fram hver túlkar kortin. Ekki er óþekkt að votlendi sé vanmetið á vistgerðarkorti Ní.</p> <p>c) Hvergi er minnst á haförn í skýrslunni. Votlendi og ósnert heiðarlönd eru mikilvæg búsvæði margra fugla. Nálægðin við búsvæði himbrima, álfta, hafarna og annarra fugla ætti eitt og sér að duga til að falla frá öllum vindorkuáformum á þessu svæði.</p>	<p>a) Tekið undir að bæta megi heimildatilvísanir en nánar verður gerð grein framkvæmdinni í frummatsskýrslu og deiliskipulagi.</p> <p>b) Ekki er um túlkun á kortunum að ræða heldur sett fram þau gögn sem þar koma fram. Vistgerðarkort Ní eru unnin í mælikvarðanum 1:25.000 og henta því vel til að fá yfirsýn yfir vistgerðir á aðalskipulagsstigi.</p> <p>c) Tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúrufari í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun og Náttúrufraeðistofnun Íslands muni veita umsógn um umhverfismat framkvæmdanna.</p>

		d) Það er ekki traustvekjandi að leggja fram tillögur að breytingum á aðalskipulagi þar sem ekki er búið að ganga formlega frá merkjum jarða og mögulega hluti svæðisins tilheyrir annarri jörð.	d) Jarðamörk eru ekki viðfangsefni aðalskipulags. En gert er ráð fyrir að allt iðnaðarsvæðið verði innan óvæfengdra marka Sólheima.
		e) Eingöngu talað um lengd vega en ekki landstærð sem fer undir vegi.	e) Nánar verður fjallað um vegi og landþörf þeirra í deiliskipulagi.
		f) Sjónmengunarsvæði af þessum vindmyllugörðum er verulegt samkvæmt kortum í viðaukum. Þá virðir hún ekki mörk jarða né sveitarfélaga.	f) Tekið er undir að ávallt eru sjónræn áhrif af framkvæmdum og misjafnt hvar áhrifa þeirra gæti.
		g) Orðalag er mjög teygjanlegt þar sem rætt er um áhrif framkvæmda á minjar, náttúru og dýralíf. Nokkur dæmi um það eru "gert er ráð fyrir ..." "stuðlað verði að ..." "reynt verður ..." o.s.frv.	g) Aðalskipulag er stefna sveitarfélagsins og því eðlilegt að slíkt orðalag sé notað.
6	Heiðar og Sigrún, dags. 20.01.2021 Bæ 1	a) Misræmi er milli teiknaðra landamerkja Sólheima og Bæjar annars vegar og hins vegar Landamerkjabréfs Bæjar síðan 1889.	a) Í kafla 1.3 kemur fram að ekki liggja fyrir staðfest, hnitúð landamerki Sólheima. Jarðamörk eru ekki viðfangsefni aðalskipulags. Gert er ráð fyrir að allt iðnaðarsvæðið verði innan óvæfengdra marka Sólheima.
		b) Er nauðsynlegt að raða vindmyllum eftir endilöngum landamerkjum milli Sólheima og Bæjar?	b) Við staðsetningu iðnaðarsvæðanna er stuðst við forathuganir og fyrirbyggjandi gögnum sem benda til þess að viðkomandi svæði séu hentug m.t.t. náttúruvarna og svæðinu. Ef niðurstöður rannsókna, sem unnar verða í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, benda til þess að önnur svæði innan jarðarinnar henta betur og að hnika þurfi iðnaðarsvæðum til, með það að markmiði að draga sem kostur er úr umhverfisáhrifum, verða staðsetningar innan jarðar endurskoðaðar. Ef til þess kemur verður farið að öllu eftir viðeigandi ákvæðum í skipulagslögum nr. 123/2000 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013
		c) Hversu háar verða vindmyllurnar?	c) Ekki liggur endanlega fyrir hvaða gerð vindmylla verða reistar á svæðinu og því hæð ekki vituð. Í aðalskipulagsbreytingunni er hámarkshæð skilgreind þar sem hæð vindmylla verður allt að 120 m í miðju hverfils og spaðar munu ná í allt að 200 m hæð.
		d) Hefur hljóðmengun verið rannsökuð?	d) Við mat á umhverfisáhrifum verður fjallað um hljóðmengun en hér er notast við almenna þekktu staðla en ljóst er að veður og aðrar umhverfisaðstæður hafa áhrif á hversu langt hljóð berst.
		e) Er rafsegulmengun til staðar?	e) Skv. tillögu að matsáætlun kann starfsemi vindmylla að hafa áhrif á útsendingar og aðra starfsemi fjarskiptaþjónustu vegna truflana á rafsegulsviði. Ekki liggur fyrir hvort farið verði í nánari greiningu á því.
		f) Verður girt utan um vindmyllurnar?	f) Ekki er talin nein ástæða til að girða í kringum vindmyllurnar.
		g) Hafa verið gerðar áhættuáætlanir vegna leka, foktjóna, eldsvoða (t.d. sinubruna)	g) Sveitarfélagið hefur ekki upplýsingar um slíkar áhættugreiningar.
		h) Er fyrirtækið tryggt fyrir hugsanlegum skaða sem vindmyllurnar kunna að valda nágrönnum sínum?	h) Sveitarfélagið getur ekki svarað fyrir um tryggingar einstakra fyrirtækja.
		i) Ekkert samráð hefur verið við þau á vinnslustigi	i) Samráð hefur verið í tengslum við þessar hugmyndir á opnum íbúafundum. Einnig hefur Húnaþing vestra óskað eftir opnum íbúafundi. Haldnir hafa verið kynninga- og íbúafundir, m.a. áður en skipulagsvinna í tengslum við verkefni fór af stað.
		j) Hugmyndir um frístundabyggð verða að engu	j) Ekki verður séð að skipulagsbreytingin rýri verðmæti aðliggjandi jarða.
		k) Talið er að hljóðmengun og rafsegulsmengun á búfé séu vanmetin	k) Nánari umfjöllun um mengunaráhrif eru í mati á umhverfisáhrifum.
		l) Skýrsla um fuglalíf er ekki tæmandi, arnarhreiður í Bakkadal	l) Tekið er undir að við framkvæmd skuli þess gætt að sem minnst röskun verði á gróðri, votlendi og taka skal tillit til fuglalífs og draga úr áflugshættu fugla, eftir því sem kostur er. Gerð verður nánar grein fyrir röskun á náttúruferi í frummatsskýrslu vegna framkvæmdar. Sveitarfélagið mun fylgja því eftir á deiliskipulagsstigi að röskun votlendis verði haldið í lágmarki. Verði röskun gæti sveitarfélagið hugað að mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila.
		m) Neikvæð áhrif á hugsanlega sólu jarðarinnar í framtíðinni og veðhæfni.	m) Ekki verður séð að skipulagsbreytingin rýri verðmæti aðliggjandi jarða.